# AÐALSKIPULAG SKÚTUSTAÐAHREPPS 2011-2023




Gildandi skipulag

Mkv.: 1:50.000




Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

## Breyting á aðalskipulagi
## Svæði fyrir verslun og þjónustu við Hveri

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur til að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu við Hveri austan Námaskarðs. Talið er nauðsynlegt að koma upp þjónustu fyrir ferðamenn á staðnum og bæta öryggi þeirra. Fyrirhuguð er uppbygging þjónustubygginga og frágangur áningarstaðar á svæðunu og er unnið að gerð deiliskipulags.

### Breyting á skipulagsuppdrætti

Verslunar- og þjónustusvæði 370-V er merkt sunnan þjóðvegar austan Námaskarðs með hringtákni í samræmi við önnur svæði þar sem stærð og lögun landnotkunarreita verður ekki sýnd nákvæmlega á aðalskipulagsuppdrætti. Afmörkun og flatarmál verða skilgreind í deiliskipulagi.

### Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á megintexta greinargerðar.

Í töflu í kafla **4.6 Verslunar- og þjónustusvæði (V)** er bætt eftirfarandi línu:

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 370- V | 0,3 | Ferðaþjónustu-svæði við Hveri. | Óbyggt svæði. Deiliskipulag liggur ekki fyrir. | Uppbygging skv. deiliskipulagi. Gætt skal að heildarmynd svæðisins og að byggingar og önnur mannvirki falli vel að umhverfinu. N: 0,12 |

Eftirfarandi breyting (sérákvæði) er gerð á ákvæðum um hverfisverndarsvæði 326-Hv í kafla **5.1.8 Almenn hverfisverndarákvæði:**

**Gildandi skipulag**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 326-Hv (HK13) | 233 | Námafjall og Hverir. | Jarðmyndanir, landmótun og landslag | Almenn hverfisverndarákvæði |

**Breytt skipulag**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 326-Hv (HK13) | 233 | Námafjall og Hverir. | Jarðmyndanir, landmótun og landslag | Almenn hverfisverndarákvæði. Uppygging þjónustubygginga og bílastæða heimil á svæði 370-V. Framkvæmdir skulu vera afturkræfar. |

### Umhverfisskýrsla, áhrifamat

Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á verndarsvæðum utan þéttbýlis og á hálendi eru tilgreindar í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Framkvæmdir sem þar eru tilgreindar og kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar um það hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsáætlanir þar sem gert er ráð fyrir slíkum framkvæmdum falla undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Svæðið, sem skipulagsbreytingin og deiliskipulagið nær til, er ekki á verndarsvæði skv. lögum um náttúruvernd nr.

44/1999 en nýtur hins vegar hverfisverndar skv. aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Ákvæði 37. greinar náttúruverndarlaga um sérstaka vernd eiga við svæðið og þau náttúrufyrirbrigði, sem þar eru.

Áhrif eru helst sýnileiki mannvirkja en áhrif af fráveitu fara eftir útfærslu og gætu orðið lítil eða engin. Hugsanlegt er að ásókn á svæðið aukist en á móti koma jákvæð áhrif bættrar aðstöðu á umgengni og öryggi ferðamanna. Gera má ráð fyrir að uppbygging á svæðinu styrki aðra ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Með bættri aðstöðu verður stuðlað að vernd viðkvæmra náttúrufyrirbrigða.

Uppbygging á svæðinu styður markmið náttúruverndarlaga um að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum.

Framkvæmdir verða að mestu leyti afurkræfar, þ.e. unnt verður að fjarlægja byggingar og önnur mannvirki og afmá eða fela ummerki um þær. Ummerki um skráðan minjastað (brennisteinsvinnslu) eru ekki sýnileg. Svæðið er sérstætt og viðkvæmt en ekki eru líkur á að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi veruleg, neikvæð eða óafturkræf áhrif á umhverfið.

Gerð verður nánari grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið í umhverfisskýrslu deiliskipulags. Lögð er áhersla á ákvæði um mannvirkjagerð og byggingarlist í kafla 4.1.3. í greinargerð aðalskipulagsins.

### Skýringar

- Mörk sveitarfélags
- Mörk hálendisskipulags
- Mörk þéttbýlisuppdrátta
- Þéttbýli
- Íbúðarsvæði (Íb)
- Svæði fyrir þjónustustofnanir (S)
- Miðsvæði (M)
- Verslunar- og þjónustusvæði (V)
- Athafnasvæði (A)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Efnistökusvæði (E)
- Svæði fyrir frístundabyggð (F)
- Opin svæði til sérstakra nota (O)
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði -tún, eingöngu til skýringar
- Vötn og ár

**Samgöngur og veitur**

- Stofnvegur
- Tengivegur
- Héraðsvegur
- Aðrir vegir -engöngu til skýringar
- Göngu/hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Flutningslínur raforku -ofan jarðar
- - neðan jarðar
- Fjarskipti -ljósleiðari
- Vatnsveita -stofnlögn
- Hitaveita -stofnlögn

**Verndarsvæði**

- Friðlýst svæði -Friðlönd og náttúruvætti
- Verndarsvæði -Mörk verndarsvæðis skv. lögum nr. 97 2004 um verndun Mývatns og Laxár.
- Hv Hverfisverndarsvæði
- Merkar/Friðlýstar fornminjar
- Vatnsverndarsvæði -Grannsvæði
- Garðlög

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps

þann ____________

(signature)

sveitarstjóri

SVEITARSTJÓRI SKÚTUSTAÐAHREPPS (stamp)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 4. DES. 2014

(signatures)

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Dags. 01.04.2014